

UPPLÝSINGAR UM BRÁÐABIRGÐALÖGGILDINGU

Gjald fyrir bráðabirgðalöggildingu: **8.300 kr.** - sbr. lög um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991

Greiðsluupplýsingar: Greiða skal inn á reikning Neytendastofu -

Kt. 690605-3410, bankaupplýsingar 0111-26-001035 og tilgreina kt. þátttakanda með greiðslu.

Það er algert skilyrði að skila inn **sakavottorði** og **búforræðisvottorði** áður en hægt er að gefa út skírteini.

Skilyrði sem uppfylla þarf til að geta hlotið löggildingu, endurlöggildingu eða bráðabirgðalöggildingu

Skilyrði sem uppfylla þarf til að geta hlotið löggildingu, endurlöggildingu eða bráðabirgðalöggildingu

Svo löggilda megi vigtarmann þarf hann að uppfylla eftirfarandi skilyrði, sem um er getið í 23. gr. laga nr. 91/2006:

a. eru búsettir hér á landi, b. eru fullra tuttugu ára, c. eru sjálfráða og fjárráða.

Ennfremur stendur í fyrrgreindum lögum:

„synja skal manni um löggildingu ef 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.“

Til að sanna að þessum skilyrðum sé fullnægt þarf að leggja fram sakavottorð og búforræðisvottorð. Sakavottorð fá menn hjá sýslumanni sínum. - Í Reykjavík hjá Sýslumanninum í Kópavogi, Dalvegi 18, 201 Kópavogi. Búforræðisvottorð fá menn hjá héraðsdómara sínum. Löggildingarskírteini má ekki gefa út nema þessi **vottorð** liggi fyrir.

Reglur um almennt og sérstakt hæfi löggiltra vigtarmanna

Umsækjandi verður að kynna sér reglur nr. 650/2007 um almennt hæfi og sérstakt hæfi löggiltra vigtarmanna. Löggiltur vigtarmaður getur verið vanhæfur skv. framangreindum reglum vegna fjölskyldubanda. eignaraðild eða sem starfsmaður í fyrirtækinu sem vigta skal fyrir.

Athygli er samt vakin á því að hægt er að sækja um undanþágu fyrir hafnarvigtunarmann til 18 mánaða skv. uppfylltum skilyrðum sem koma fram í breytingum á reglum nr. 650/2007 dags. 2.1.2008 t.d. vegna fámennis.

Smellið hér að neðan til að opna Reglur nr. 650/2007 ásamt breytingum.

<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=b2795ed8-43b5-49ad-a572-cd274d595eac>

<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=79c4b3b6-97ca-438f-adc5-f2b2332b9d41>